

Við úrskurð bóta samkvæmt þessari grein, skal m. a. hafa hliðsjón af því, hvort bótaþegi nýtur heimilisuppbótar samkvæmt 9.—10. gr. og taka sama tillit til þess og annarra tekna við ákvörðun greiðsluupphæðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, samanber lög nr. 96 27. desember 1971, lög nr. 62 21. maí 1974, lög nr. 13 23. maí 1975, lög nr. 36 14. maí 1976, bráðabirgðalög nr. 53 28. júní 1977 og bráðabirgðalög nr. 56 9. ágúst 1977, staðfestist hér með til þess að gilda frá 1. júlí 1977.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 171 28. maí 1974.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

30. september 1977.

Nr. 352.

## REGLUGERÐ

### fyrir Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja.

#### 1. gr.

Íþróttamiðstöðin er í Vestmannaeyjakaupstað og heitir Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja.

#### 2. gr.

Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja er að hluta skólamannvirki en að öðru leyti íþróttamannvirki kaupstaðarins.

#### 3. gr.

Íþróttamiðstöðin er á ábyrgð bæjarstjórnar Vestmannaeyja en er falin þriggja manna húsnefnd sem er þannig skipuð: tveir frá bæjarstjórn Vestmannakaupstaðar og einn frá fræðsluráði Vestmannaeyja. Varamenn eru kosnir af sömu aðilum.

Nefndin skipti sjálf með sér verkum og færi gjörðabók um störf sín sem skal lögð fyrir bæjarstjórn.

#### 4. gr.

Starfssvið húsnefndar skal vera:

- a) að setja reglur um umgengni í húsinu
- b) ráða niður afnotum af húsinu. Forgangsrétt um afnot njóti skólar bæjarins á kennsludögum frá kl. 8 00 til kl. 18.00, því næst viðurkennd íþróttafélög bæjarins og þá almennigur. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins þá skulu skólástjórar skóla bæjarfélagsins boðaðir á fundinn. Ef formaður Íþróttabandalags Vestmannaeyja á ekki sæti í húsnefndinni þá skal hann einnig boðaður á slíkan fund
- c) ákveða afnotagjöld
- d) ráða starfsfólk og setja því starfsreglur
- e) gera tillögur um viðhald hússins, áhöld þess og öflun tækja
- f) gera árlega áætlun um fjárþörf rekstrarins og skila henni svo snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs
- g) sjá um að fjárhagsáætlun fyrir Íþróttamiðstöðina sé fylgt.

Íþróttamiðstöðvarnefndin eða forstöðumaður skulu gæta þess við skipulagningu afnota skóla og leiguafnot íþróttafélaga og almennings að nýting hússins verði sem

virkest, afkastamest og samfelldust svo að sem mestur fjöldi iðkenda geti notið íþróttar og baða.

Við afnot og útlán leggi þeir til grundvallar skiptingu salar, búnings- og baðklefa í þriðjung af heildarrymi. Við ákvörðun leigugjalds og kostnaðarskiptingu vegna skólaafnota, sem og annarra afnota sé til viðmiðunar sem eining þriðjungur heildarrymis og tilheyrandi húsrými.

#### 5. gr.

Greiðslur á kostnaði við rekstur hússins fari fram í skrifstofu bæjarsjóðs, svo og bókhald. Engir reikningar greiðist nema forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar hafi staðfest þá.

#### 6. gr.

Rekstrarárið er almannaksárið og skal rekstrarreikningur Íþróttamiðstöðvarinnar birtur með ársreikningum bæjarsjóðs og endurskoðast af endurskoðendum hans.

#### 7. gr.

Rísi ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara reglugerðar sker menntamálaráðuneytið úr.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er staðfest samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 7. apríl 1956, sbr. 29. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974 og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. september 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á bæjarskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hund eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar verður breytt.
- b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati bæjarstjórnar.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku, svo og minnkahunda, dýrahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggju haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.